

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á
óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. mars til 31. maí 1980.

Með skirskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, staðfestir ráðuneytið hér með eftirfarandi verðgrundvöll á óverkuðum saltfiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. mars til 31. maí 1980:

Óverkaður saltfiskur:	U. S. \$ pr. lest fob.
Stófiskur nr. 1	2 900.—
Millifiskur nr. 1	2 700.—
Smáfiskur 40/60 nr. 1	2 300.—
Smáfiskur 60/100 nr. 1	2 200.—

Verðbil verða 3½% og miðast við verðhækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn verða 60% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils.

Grundvallarverð miðast við viðskiptagengi eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. apríl 1980.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Kristín Magnússon.